

Vinnureglur vegna rekstrarleyfisumsókna í íbúðabyggð, Stykkishólmi.

1. Skipulags- og byggingarfulltrúi skal veita umsögn samkvæmt lögum nr. 85/2007.
2. Slökkviliðsstjóri skal veita umsögn samkvæmt lögum nr. 85/2007.
3. Bæjarstjórn skal ekki veita umsögn fyrr en að lokinni kynningu, nema að sótt sé um 3 herbergi eða færri eða 6 manns eða færri, eða íbúð í flokki II þá þarf ekki kynningu.
Ef til kynningar kemur skal ferlið vera eftirfarandi:
 - Skipulags- og byggingarfulltrúi skal sjá um að kynna erindið fyrir nágrönnum með bréfi. Bréfið er sent með almennum b-pósti.
 - Skipulags- og byggingarfulltrúi skal kynna erindið við fyrsta tækifæri eftir að það berst frá sýslumanni.
 - Kynningin skal taka 15 daga frá dagsetningu bréfs skipulags- og byggingarfulltrúa.
 - Skipulags- og byggingarfulltrúi skal leggja niðurstöðu kynningar fyrir bæjarstjórn.
 - Bæjarstjórn ber ekki að svara athugasemdum/ábendingum vegna kynningar, nema að umsögnin bæjarstjórnar verði jákvæð, þá skal bæjarstjórn færa rök fyrir ákvörðun sinni.
4. Heimilt er að falla frá kynningu ef heimild er fyrir starfsseminni í gildandi deiliskipulagi fyrir svæðið, eða að eigandi skili inn undirskrifuðu samþykki eiganda nágrannalóða.
5. Eigandi skal uppfylla „Samþykkt um fjölda bílastæða innan lóða í Stykkishólmi“ og fylgja þeirri samþykkt, óháð fjölda herbergja.
6. Heimilt er að falla frá lið 5 ef viðkomandi hefur aflað sé rekstrarleyfis fyrir þessa samþykkt og hefur verið athugasemdalaus í rekstri. Ef um stækkun eða breytingu á útgáfu á liður 6 ekki við og skal þá tilvonandi rekstrarleyfishafi uppfylla kröfur samkvæmt lið 5.
7. Vinnureglurnar eiga við um ný rekstrarleyfi og breytingar á rekstrarleyfum eftir atvikum.
8. Bæjarstjórn skal leitast við að tryggja hagsmuni húseigenda jafnframt því að tryggja nágrannarétt við útgáfu eða umsögn um rekstrarleyfi í íbúðabyggð.

Samþykkt í Bæjarstjórn á fundi 327, 25.febrúar 2016.

Sturla Böðvarsson
bæjarstjórinn í Stykkishólmi